



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Tel: (+354) 591 2000
Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2006

Tilvísun: UST20060400078/sf

Skálasvæði í Kverkfjöllum, Fljótsdalshéraði. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfissáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfissáhrifum.

Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi sem fylgdi með framangreindu erindi er gert ráð fyrir að við Sigurðarskála geti risið gestastofa, auk íbúðar fyrir starfsmann. Gestastofan getur verið allt að 90 m² að grunnfleti. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið verði stækkað til vesturs og norðurs eða í um 2.800 m². Umhverfis það er gert ráð fyrir litlum gististofum allt að 16 m² hver, sem gætu orðið allt að 12 talsins. Þá er gert ráð fyrir allt að 60 m² þjónustuhúsi við norðvesturhorn tjaldsvæðisins. Enn fremur er gert ráð fyrir að bílastæði verði stækkuð og þau afmörkuð með griðthleðslum.

Í bréfi framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar kemur fram að ráðgert sé að reisa gestastofu og tvö til þrjú lítil gistihús við Sigurðarskála í Kverkfjöllum á næstu árum. Þótt fleiri byggingar séu á deiliskipulagstillöggunni séu þær ekki á dagskrá í fyrirsjáanlegri framtíð. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að engin efnistaka verði á svæðinu að því frátoldu að teknir verði örfáir rúmmetrar af steypumöl úr áreyrum Jökulsár. Engin vegagerð er samfara framkvæmdunum.

Fyrir liggur álit samvinnunefndar miðhálendis Íslands þess efnis að deiliskipulagstillagan fyrir Sigurðarskála geti samræmst stefnu svæðisskipulags miðhálendis Íslands 2015 og rúmist innan skilgreiningar fyrir skálasvæði, sbr. fylgiskjal með tilkynningu um framkvæmdina.

Fyrirhugaðar byggingar og framkvæmdir við Sigurðarskála eru innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. svæðis nr. 613 *Kverkfjöll og Krepputunga*. Í náttúruminjaskrá er eftirfarandi lýsing á svæðinu:

Kverkfjöll og Krepputunga, N-Múlasýslu. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, allt suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum, jarðhiti í Hveradal og Hveragili. Íshellir i sporði

Kverkjökuls. Kjörið land til útvistar og náttúruskoðunar.

Við fyrirhugaðar framkvæmdir verður ekki raskað sérstökum gróðri, fuglalifi eða jarðmyndunum. Ekki er búist við fjölgun gesta á svæðinu heldur hefur orðið breyting á samsetningu gestahóps, þannig að meiri eftirspurn er orðin eftir gistingu í aðskildu rými, sbr. upplýsingar í tilkynningu framkvæmdaraðila. Byggingar ásamt tjaldsvæði og bílastæði er nú þegar á svæðinu og telur Umhverfisstofnun að umfang breytinganna sé ekki þess eðlis að þær muni skerða verndargildi þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá eða hafa í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif. Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki athugasemdir við þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir skv. deiliskipulagstillöggunni, sbr. fylgiskjal með tilkynningu um framkvæmdina (bréf Heilbrigðiseftirlit Austurlands dags. 13. mars 2006).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að byggingum verði þannig fyrir komið að hægt verði að fjarlægja þær af staðnum án mikils rasks.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er skylt að leita umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdir þar sem hætta er á að svæðum á náttúruminjaskrá verði spillt.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir við Sigurðarskála í Kverkfjöllum muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.


Umhverfisstofnun minnir á að skylt er að leita umsagnar stofnunarinnar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Jafnframt minnir stofnunin á að öll efnistaka á landi er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Virðingarfyllst



Sigríður Friðriksdóttir
Lagsviðsstjóri



Helgi Jónasson
forstöðumaður